



Ebba Schram borgarlögmaður
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur um kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur

Á fundi borgarstjórnar 7. nóvember sl. lagði Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir óháður borgarfulltrúi fram svohljóðandi fyrirspurn:

Þann 18. október 2017 birtist frétt í Fréttablaðinu þar sem sagt var frá vafa um kjörgengi borgarfulltrúans Kristínar Soffíu Jónsdóttur en deginum áður 17. október hafði hún setið fund borgarstjórnar. Ekkert var rætt um vafa á kjörgengi hennar í sal borgarstjórnar. Ekki er að sjá í fundargerðum forsætisnefndar að neinar umræður hafi farið þar fram um kjörgengi hennar og fyrst er að sjá það í fundargerð 23. október 2017. Verkefni forsætisnefndar eru tiltekin í samþykkt hennar og þar eru þau tundað. Ekki er hægt að sjá hvernig álitamál um kjörgengi sé komið inn á borð forsætisnefndar enda hvergi að sjá að því máli hafi verið vísað til hennar. Því er óskað eftir skriflegu svari frá borgarlögmanni um valdsvið forsætisnefndar til að fjalla um vafa um kjörgengi, sérstaklega þegar haft er í huga að ekki er að sjá að borgarstjórn eða borgarráð, eða aðrir til þess bærir aðilar innan borgarkerfisins hafi vísað málinu til nefndarinnar. Þá er jafnframt óskað eftir að borgarlögmaður taki saman í svari sínu umfjöllun um hvaða stofnun er réttbær til að taka ákvörðun þegar vafi leikur á um almennt hæfi borgarfulltrúa.

Fyrirspurninni er hér með vísað til umsagnar borgarlögmanns f.h. borgarstjórnar ásamt umsögn skrifstofu borgarstjórnar sem hér fylgir.

Umsögn:

Fjallað er um verkefni forsætisnefndar í 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar en þar koma fram verkefni nefndarinnar í 8 liðum. Sérstök samþykkt um forsætisnefnd er ekki til. Vafi um kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur borgarfulltrúa kemur upp í framhaldi af fyrirspurn Fréttablaðsins sem barst skrifstofu borgarstjórnar með tölvupósti dags. 12. október sl. Skrifstofa borgarstjórnar svarar fyrirspurninni með tölvupósti dags. 17. október sl. Í framhaldi af vinnslu fyrirspurnarinnar kom í ljós að borgarfulltrúinn hafi flutt lögheimili sitt til Danmerkur fyrr en áður var talið og með vísan til þess var ákveðið að taka málið upp á vettvangi forsætisnefndar.

Umræða um málið fer svo fram á fundi forsætisnefndar 23. október sl. m.a. með vísan til 8. tl. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar en þar kemur fram að forsætisnefnd fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir

nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða. Það er hlutverk forsætisnefndar að fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað sbr. 4. tl. sömu greinar, setja reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla samþykktarinnar varðandi réttindi og skyldur borgarfulltrúa. Meginverkefni forsætisnefndar er einnig að skipuleggja starf borgarstjórnar samkvæmt 1. tl. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar en samkvæmt 98. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna er það hlutverk borgarstjórnar að úrskurða hvort sveitarstjórnamaður hafi misst kjörgengi.

Eins og fram kemur í fyrirspurn borgarfulltrúans hefur einungis farið fram umræða um málið í forsætisnefnd og vinnur nefndin nú að því að undirbúa málið fyrir borgarstjórn sem hefur það hlutverk að úrskurða hvort borgarfulltrúinn hafi misst kjörgengi vegna lögheimilisflutninga sinna í aðdraganda fæðingarorlofs. Að öðru leyti hefur ekki farið fram athugun á almennu hæfi borgarfulltrúans eins og fram kemur í fyrirspurninni.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð góðfúslega.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarstjórn

Sendandi: Borgarlögmaður

Fyrirspurn Sveinbjargar Birna Sveinbjörnsdóttur um kjörgengi Kristínar Soffiu Jónsdóttur

Á fundi borgarstjórnar hinn 7. nóvember sl. lagði Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir óháður borgarfulltrúi fram svohljóðandi fyrirspurn:

Pann 18. október 2017 birtist frétt í Fréttablaðinu þar sem sagt var frá vafa um kjörgengi borgarfulltrúans Kristínar Soffiu Jónsdóttur en deginum áður 17. október hafði hún setið fund borgarstjórnar. Ekkert var rætt um vafa á kjörgengi hennar í sal borgarstjórnar. Ekki er að sjá í fundargerðum forsætisnefndar að neinar umræður hafi farið þar fram um kjörgengi hennar og fyrst er að sjá það í fundargerð 23. október 2017. Verkefni forsætisnefndar eru tiltekin í samþykkt hennar og þar eru þau tíundað. Ekki er hægt að sjá hvernig álitamál um kjörgengi sé komið inn á borð forsætisnefndar enda hvergi að sjá að því máli hafi verið vísað til hennar. Því er óskað eftir skriflegu svari frá borgarlögmanni um valdsvið forsætisnefndar til að fjalla um vafa um kjörgengi, sérstaklega þegar haft er í huga að ekki er að sjá að borgarstjórn eða borgarráð, eða aðrir til þess bærir aðilar innan borgarkerfisins hafi vísað málinu til nefndarinnar. Þá er jafnframt óskað eftir að borgarlögmaður taki saman í svari sínu umfjöllun um hvaða stofnun er réttbær til að taka ákvörðun þegar vafi leikur á um almennt hæfi borgarfulltrúa.

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. þ.m., var framangreindri fyrirspurn vísað fyrir hönd borgarstjórnar til umsagnar borgarlögmans. Með tilvitnuðu tölvuskeyti fylgdi umsögn skrifstofu borgarstjórnar um fyrirspurnina. Hér á eftir fylgir umbeðið svar borgarlögmans.

I. Valdsvið forsætisnefndar til að fjalla um vafa um kjörgengi

Ekki er til sérstök samþykkt um forsætisnefnd. Á hinn bóginn er fjallað um forsætisnefnd, þ. á m. skipun og verkefni nefndarinnar, í samþykkt nr. 715/2013 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, með síðari breytingum. Þannig kemur fram í 1. mgr. 50. gr. tilvitnaðrar samþykktar að forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipi forsætisnefnd og að forseti borgarstjórnar stýri starfi nefndarinnar. Þá er í 4. mgr. 50. gr. kveðið á um verkefni forsætisnefndar með þar til greindum hætti í átta tölulíðum. Samkvæmt 8. tölulíð 4. mgr. 50. gr. samþykktarinnar kemur það í hlut forsætisnefndar „[...] að fjalla um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri

borgarstjórnar óskar að ræða“. Þá er kveðið á um það í 4. tölulið 4. mgr. 50. gr. samþykktarinnar að það sé á meðal verkefna forsætisnefndar að fjalla um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað. Á fundi forsætisnefndar hinn 23. október 2017, var fjallað um mál sem snertir vafa um kjörgengi borgarfulltrúans Kristínar Soffiu Jónsdóttur með vísan til 8. töluliðar 4. mgr. 50. gr. fyrrnefndrar samþykktar. Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjórnar var fjallað um málið á fundi forsætisnefndar í umrætt sinn að beiðni forseta borgarstjórnar.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, er kjörgengi manns í sveitarstjórn bundið við þau skilyrði að viðkomandi hafi kosningarrétt í sveitarfélaginu, sbr. 2. gr. laganna, hafi ekki verið sviptur lögræði og hafi óflekkað mannorð. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 2. gr. sömu laga hefur hver sá sem er íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri og er búsettur í sveitarfélaginu kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar. Þá er kveðið á um það í 1. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, að ef fulltrúi í sveitarstjórn missi kjörgengi þá skuli hann víkja úr sveitarstjórn.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga, sem fjallar um hlutverk sveitarstjórna, kveður á um að sveitarstjórn fari með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laganna og annarra laga. Meginregla 1. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga felur í sér að sveitarstjórn fer með æðsta vald í málefnum sveitarfélags. Í samræmi við þessi fyrirmæli 1. mgr. 8. gr. laganna er kveðið á um það í 1. mgr. 4. gr. áður nefndrar samþykktar, að borgarstjórn Reykjavíkur fari með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, ákvæðum annarra laga og tilvitnaðrar samþykktar. Samkvæmt 1. gr. samþykktarinnar er borgarstjórn Reykjavíkur skipuð fimmtán borgarfulltrúum sem kjörnir hafa verið lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Þar sem það er hlutverk sveitarstjórnar að fara með stjórn sveitarfélags varða vafamál um kjörgengi sveitarstjórnarmanna eðli máls samkvæmt stjórnslu og stjórnkerfi sveitarfélags.

Með hliðsjón af framangreindu hefur forsætisnefnd heimild til þess að fjalla um hvert það álitamál varðandi stjórnslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, þ. á m. vafamál um kjörgengi borgarfulltrúa. Enda hafi ósk um umfjöllun slíks máls komið fram af hálfu forseta borgarstjórnar, nefndarmanna, áheyrnarfulltrúa eða skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjórnar eða máli þess efnis verið vísað til nefndarinnar af hálfu einhvers þess aðila, sbr. 4. og 8. tölulið 4. mgr. 50. gr. áður nefndrar samþykktar. Í tilvitnuðum ákvæðum felst einungis heimild forsætisnefndar til að fjalla um mál framangreinds efnis, en ekki vald til þess að taka ákvörðun í því. Það vald er falið sveitarstjórn sem hefur það hlutverk að úrskurða um hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi sitt samkvæmt ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Samkvæmt 2. mgr. 98. gr. sömu laga, þá er unnt að skjóta úrskurði sveitarstjórnar til ráðuneytis og úrskurði ráðuneytisins til dómstóla.

II. Hver er bær til að taka ákvörðun þegar vafi leikur á um almennt hæfi borgarfulltrúa
Fjallað er um hæfi sveitarstjórnarmanna til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og jafnframt í ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993 sem gilda þegar ákvæðum sveitarstjórnarlaga sleppir um þetta efni. Samkvæmt 6. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórnarmaður sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis án tafar vekja athygli oddvita, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því. Það kemur síðan í hlut sveitarstjórnar að taka ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála, sbr. 7. mgr. 20. gr., en sá sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Álitafni um hæfi sveitarstjórnarmanns til

Þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála getur einvörðungu varðað aðila sem nýtur kjörgengis og situr í sveitarstjórn.

Ebba Schram